

# Áfangalýsing - Enska



## Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar – haustönn 2011

## Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

ENS103 Lestur, skilningur, málfræði og orðaforði.

## Fjöldi eininga

3

## Undanfari

Enginn

## Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum er lögð áhersla á vandlegan lestur texta, ritun og undirstöðuatriði enskrar málfræði með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Einnig er mikilvægt að kynna fyrir nemendum hugtakið menningarlæsi til þess að þeir geri sér betur grein fyrir og fái innsýn inní nýjan menningarheim og verði þar af leiðandi umburðarlyndari gagnvart ólíkum menningarbakgrunni annarra nemenda. Lesnir verða valdir rauntextar úr kennslubók, auk þess sem nemendur eiga að hraðlesa valin skáldverk og skriflegi þátturinn þjálfaður með fjölbreyttum æfingum.

Nemendur eiga að tileinka sér að tjá sig munnlega á ensku og verður þeim leiðbeint í kennslustundum, þar sem tjáskipti fara fram á ensku svo og með hjálp margmiðlunartækni.

## Kennslugögn:

- *Inside Out, Upper intermediate, ensk lesbók og vinnubók.*
- *Gagnvirkar málfræðiæfingar á Netinu og efni frá kennara.*
- Skáldögur: The Giver; Lois Lowry, Memory Boy; Will Weaver, Killing Mr Griffin; Lois Duncan.
- Enskur málfræðilykill frá Máli og menningu. Ensk-ensk orðabók verður nýtt á Netinu.

# Áfangalýsing - Enska



## Námsmat:

Vinna nemendar er metin með vörðum þar sem tekið er tillit til skilvirkni og ástundun nemenda. Verkefni og kannanir með jöfnu millibili 60%, kennaraeinkunn 10%, hópaverkefni 10%, sjálfsmat með viðtölum við nemendur 10% og munnlegt próf í lok annar 10%. Vert er að minna nemendur á að lögð verður áhersla á að stunda námið jafnt og þétt alla önnina.

## Lokamarkmið áfanga:

### **Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :**

- enskri menningu og enskri tungu og öðlist dýpri þekkingu á enskumælandi samfélögum
- almennum málfræðireglum og geti beitt þeim í rituðu máli
- hugtökum í bókmenntafræði við skilgreiningar og umfjöllun um skáldsögur
- skilning á fjölbreyttum tegundum texta
- sérkennum ritmáls og talmáls

### **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- kynna sér tiltekið efni, þekkja grunnorðaforða og ólíkar mállyskur enskumælandi landa
- beita grundvallar bókmenntahugtökum þar sem við á
- nota orðabók og alhliða gagnvirkar æfingar á Netinu
- meta hvað sé góð eða slæm málnotkun á ensku
- nota viðeigandi hjálparbögn við frágang verkefna, einnig að afla upplýsinga í gegnum tölvuna
- afla upplýsinga eftir fjölbreyttum leiðum
- lesa sér til gangs og gamans mismunandi tegundir texta og fjalla um inntak þeirra
- tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt

### **Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- Í að tjá sig á ensku við kennara, skólafélaga og enskumælandi folk. Verða sjálfbjarga í upplýsingaöflun um fagið og það sem tengist mennigarheimi enskumælandi fólks.